

Skólaráð Gerðaskóla

fundur 12. febrúar 2019 kl. 16:00

Mættir: Jón Ragnar Ástþórsson og Kristjana Vilborg Þorvaldsdóttir fulltrúar foreldra, Elsa Guðjónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Jóhann Helgi Björnsson fulltrúi nemenda, Sigurdís fulltrúi starfsfólks, Jóhanna Pálsdóttir og Guðrún Stefánsdóttir fulltrúar kennara, Guðjón Árni Antoníusson aðstoðarskólalastjóri og Eva Björk Sveinsdóttir skólalastjóri.

1. Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Skólaráði barst bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna frumkvæðisúttektar á skólabrag og samskiptum í Gerðaskóla árið 2015. Sveitarfélagið og skólinn gerðu umbótaráætlun sem fylgt hefur verið eftir. Óskað var eftir staðfestingu á að þeirri vinnu sé lokið. Sveitarfélagið og skólinn sendu ráðuneytinu svar um að eftirfylgd umbótaráætlunar sé lokið.

2. Skóladagatal skólaárið 2019 - 2020

Eva Björk skólalastjóri lagði fyrir ráðið skóladagatal skólaársins 2019-2020. Farið var yfir starfsdaga, skerta nemendadaga, vetrarfrí og fyrirhugaða námsferð starfsfólks skólans. Skóladagatalið var samþykkt.

3. Þemadagar

Dagana 13. – 15. febrúar eru þemadagar. Þemað þetta árið er Vísindi og verkfræði. Starfsfólk hefur verið að safna alls kyns dóti eins og pappakössum, flöskum, íspinna spýtum, eldhúsrúllum o.fl. Starfsfólk hefur verið á fullu að undirbúa þessa daga og eru allir orðnir spenntir. Á föstudaginn er svo opin dagur þar sem foreldrum er boðið að koma milli kl. 8:30 – 9:30 að skoða afrakstur þemadaganna.

4. Árshátíð

Árshátíð skólans verður miðvikudag og fimmtudag fyrir páskafrí. Þetta árið verður henni skipt í tvennt. 1. – 5. bekkur verður saman og 6. – 10. bekkur. Þemað á árshátíðinni verður söngleikir.

5. Önnur mál

Jón Ragnar sagði frá því að innheimta á greiðsluseðlum sem foreldrafélagið sendi foreldrum nemenda hafi gengið vel.

Foreldrafélagið stendur fyrir ferðum á leiksýningar með 4., 9. og 10. bekk. 9. og 10. bekkur fer í Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði á sýninguna Í fyrsta skiptið 28. febrúar. 4. bekkur fer á leikritið Þitt eigið leikrit – Goðsaga í Þjóðleikhúsinu 30. mars. Foreldrafélagið vill bjóða upp á góðan fyrirlesara í vor og er það í skoðun.

Fundi slitið kl. 16:40